

## Stækkun Mjóeyrarhafnar á Reyðarfirði

### Álit um matsáætlun

#### 1 Inngangur

Þann 20. apríl 2022 barst Skipulagsstofnun matsáætlun Fjarðabyggðarhafna vegna stækkunar Mjóeyrarhafnar samkvæmt 21. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021, sbr. lið 10.09 og 13.01 í 1. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði umsagna Fjarðabyggðar, Hafrannsóknastofnunar, Heilbrigðiseftirlits Austurlands, Minjastofnunar Íslands, Náttúrufræðistofnunar Íslands, Orkustofnunar, Samgöngustofu, Umhverfisstofnunar og Vegagerðarinnar um matsáætlun framkvæmdaraðila.

#### 2 Gögn lögð fram

Matsáætlun framkvæmdaraðila: Uppbygging 2. áfanga stækkunar Mjóeyrarhafnar í Fjarðabyggð. Matsáætlun. Alta-Fjarðabyggð 20. apríl 2022.

Umsagnir um matsáætlun bárust frá Fjarðabyggð 3. maí 2022, Hafrannsóknastofnun 25. maí 2022, Heilbrigðiseftirliti Austurlands 31. maí 2022, Minjastofnun Íslands 30. maí 2022, Náttúrufræðistofnun Íslands 25. maí 2022, Orkustofnun 25. maí 2022, Samgöngustofu, Umhverfisstofnun 12. maí 2022 og Vegagerðinni 20. maí 2022.

Frekari upplýsingar bárust frá framkvæmdaraðila dags. 30. maí 2022.

#### 3 Framkvæmd og umhverfisáhrif

Í matsáætlun framkvæmdaraðila eru kynnt áform Fjarðabyggðarhafna um stækkun Mjóeyrarhafnar á Reyðarfirði skv. 2. áfanga og gerð grein fyrir hvernig framkvæmdaraðili hyggst standa að mati á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar. Í þessu máli liggur fyrir að framkvæmdum skv. 2. áfanga er að stórum hluta lokið án þess að umhverfismat hafi farið fram þannig að hér er um að ræða mat á umhverfisáhrifum á framkvæmdum sem þegar er lokið auk þeirra framkvæmda sem fyrirhugað er að ráðast í skv. áfanganum og lýst er hér að aftan. Skipulagsstofnun telur að hér um ámælisverð vinnubrögð að ræða að hálfu framkvæmdaraðila sem koma þarf í veg fyrir að endurtaki sig.

Áform Fjarðabyggðarhafna um uppbyggingu skv. 2. áfanga gera ráð fyrir lengingu Mjóeyrarbryggju um 50 m með stálþilskanti og gerð nýrrar bryggju, Framnesbryggju, með nýjum 550 m hafnarkanti með stálþili. Stálþilskanturinn mun koma í beinu framhaldi af núverandi Mjóeyrarbryggju til vesturs. Þá er gert ráð fyrir stækkun athafnasvæðis Mjóeyrarhafnar um 12,5 ha með landfyllingu, sem nær frá upphaflegri strandlínu að bryggjupílum stækkaðrar Mjóeyrarbryggju og nýrrar Framnesbryggju en nú þegar hefur verið fyllt í 10,6 ha svæði af landfyllingunni og því einungis eftir að fylla í um 1,9 ha af henni. Þá hefur nú þegar verið útbúin um 1 ha grjótvörn fyrir viðlegu haf sögubáts vestast á athafnasvæðinu. Gróflega áætlað þá hefur þurft um 1,5 milljónir m<sup>3</sup> til að útbúa þá landfyllingu sem nú þegar er til staðar en ekki liggur fyrir nákvæmt yfirlit um hvaðan fyllingarefnið hefur komið, en ljóst að það hefur komið víðs vegar að. Áætluð heildarefnispörf fyrir



Þá 1,9 ha sem enn á eftir að fylla upp í er um 210.000 m<sup>3</sup> þar af er áætlað að um 120-130.000 m<sup>3</sup> af efni verði nýtt úr dýpkun í Eskifjarðarhöfn, og um 80-90.000 m<sup>3</sup> af efni muni koma úr skeringum við landmótun á athafnasvæðinu.

Um framkvæmdalýsingu vísast að öðru leyti til tillögu framkvæmdaraðila.

Að neðan er gerð grein fyrir atriðum sem fjalla þarf um í umhverfismatskýrslu umfram það sem tilgreint er í tillögu framkvæmdaraðila eða leiðir beint af kröfum í 21. gr. laga nr. 111/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlana og reglugerðar á grundvelli þeirra.

### **Tilgangur og markmið**

Í matsáætlun kemur fram að markmið Fjarðabyggðar með uppbyggingu hafnarsvæðis Mjóeyrarhafnar sé að hafa ávallt nægar lóðir til uppbyggingar hafnsækinnar starfsemi í Fjarðabyggð.

Um er að ræða umfangsmikla uppbyggingu hafnarmannvirkja og þarf í umhverfismatskýrslu að gera grein fyrir þeirri starfsemi sem fyrirhuguð er á hafnarsvæði 2. áfanga og hugsanlegum áhrifum þeirrar starfsemi m.a. vegna aukinnar umferðar vöruflutningabifreiða og nánar umfjöllunar um þörf á svo umfangsmiklum viðlegukanti sem Framnesbakki verður. Í ljósi þess að Fjarðabyggðarhafnir hyggjast fara með enn frekari stækkun hafnarinnar, þ.e. 3. og 4. áfanga á næstu mánuðum í gegnum ferli umhverfismats þarf í umhverfismatskýrslu að skýra ástæður þess að áfangar 2, 3 og 4 eru ekki hluti af sama umhverfismati.

### **Framkvæmd**

Vegagerðin leggur áherslu á að fyrirhugaðar framkvæmdir stefni ekki vegamannvirkjum í hættu og að tryggt sé að umferðaröryggi verði ákjósanlegt.

Í umhverfismatskýrslu þurfa að koma fram upplýsingar um það samráð sem framkvæmdaraðili hefur haft við Vegagerðina varðandi fyrirkomuleg framkvæmda m.t.t. vegamannvirkja.

### **Lífriki sjávarbotns og fjöru**

Í umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands er bent á að í matsáætlun sé ekki fjallað um núverandi ástand á botndýralífi sjávar við Mjóeyrarhöfn eða hvaða breytingar hafi orðið frá því rannsóknir hafi verið unnar á árunum 1999-2001. Þá er bent á að skoða þurfi hvort að við Mjóeyrarhöfn þrífist framandi tegundir sem borist hafi með kjölvatni skipa. Gera þarf grein fyrir mengun við hafnarsvæðið, en vel er þekkt t.d. mengun af tríbútúlýtin (TBT) sem á rætur að rekja til skipamálningar.

Í svörum Fjarðabyggðarhafna er bent á ítarlega umfjöllun í matsáætlun um lífríki í Reyðarfirði bæði í fjöru og á sjávarbotni og þá staðreynd að nú þegar hefur lífríki á framkvæmdasvæðinu orðið fyrir neikvæðum áhrifum þar sem framkvæmdir eru langt komnar. Vakin er athygli á fyrirhuguðum rannsóknum Náttúrufræðistofu Austurlands sumarið 2022 á lífríki fjöru og botndýralífi í tengslum við fyrirhugaða frekari stækkun Mjóeyrarhafnar skv. 3. og 4. áfanga. Á grunni þeirra munu koma fram grunnupplýsingar um stöðu lífríkisins og hvort eða hvaða breytingar hafi átt sér stað, síðan framkvæmdir og rekstur Mjóeyrarhafnar og álvers Alcoa Fjarðaáls hófst. Þessar rannsóknarniðurstöður munu koma fram í umhverfismatskýrslu fyrir 3. og 4. áfanga stækkunar Mjóeyrarhafnar.

Í ljósi þess að framkvæmdir eru langt komnar við 2. áfanga stækkunar hafnarinnar sem nú er í umhverfismati og með hliðsjón að því að í fyrirhuguðu mati á 3. og 4. áfanga stækkunarinnar, sem tekur til svæða bæði vestan og austan við 2. áfanga, eru fyrirhugaðar rannsóknir sem munu varpa ljósi á stöðu og ástand lífríki sjávarbotns og fjöru í allra næsta nágrenni framkvæmdasvæðis 2. áfanga gerir Skipulagsstofnun ekki athugasemdir við þær rannsóknir sem framkvæmdaraðili hyggst styðjast við í þessu mati. Stofnunin telur hins vegar að í umhverfismatskýrslu þurfi að leggja fram



áætlun um vöktun á lífríki sjávarbotns og fjöru og umhverfisáhrifum eftir að framkvæmdum er lokið við 2. áfanga. Gera þarf ráð fyrir að í slíkri áætlun sé gerð grein fyrir mengun við hafnarsvæðið.

#### **Meðhöndlun afrennslis**

Í matsáætlun er stuttlega fjallað um meðhöndlun ofanvatns/frárennslis af hafnarsvæði í sjó. Náttúrufræðistofnun Íslands bendir á mikilvægi umfjöllunar um þetta atriði og Vegagerðin um að gera þurfi grein fyrir farvegi ofanvatns sem rennur niður hlíðar Hólmatinds. Í umhverfisskýrslu þarf að vera ítarleg umfjöllun um fyrirkomulag við frárennsli til sjávar, einkum frá athafnasvæði hafnarinnar og hvernig tryggt er að ekki berist mengað afrennsli í sjó.

## **4 Niðurstaða**

Í samræmi við 21. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021 hefur Skipulagsstofnun farið yfir framlagða matsáætlun Fjarðabyggðahafna ásamt umsögnum og viðbrögðum framkvæmdaraðila við þeim.

Við vinnslu og framsetningu umhverfismatsskýrslu þarf að:

- 1. Tilgangur og markmið.** Gera grein fyrir þeirri starfsemi sem fyrirhuguð er á hafnarsvæði 2. áfanga og hugsanlegum áhrifum þeirrar starfsemi m.a. vegna aukinnar umferðar vöruflutningabifreiða og nánar umfjöllunar um þörf á svo umfangsmiklum viðlegukanti sem Framnesbakki verður. Í ljósi þess að Fjarðabyggðarhafnir hyggjast fara með enn frekari stækkun hafnarinnar, þ.e. 3. og 4. áfanga á næstu mánuðum í gegnum ferli umhverfismats þarf í umhverfismatsskýrslu að skýra ástæður þess að áfangar 2, 3 og 4 eru ekki hluti af sama umhverfismati.
- 2. Vöktunaráætlun.** Leggja fram áætlun um vöktun á lífríki sjávarbotns og fjöru og umhverfisáhrifum eftir að framkvæmdum er lokið við 2. áfanga. Gera þarf ráð fyrir að í slíkri áætlun sé gerð grein fyrir mengun við hafnarsvæðið.
- 3. Meðhöndlun afrennslis.** Vera ítarleg umfjöllun um fyrirkomulag við frárennsli til sjávar, einkum frá athafnasvæði hafnarinnar og hvernig tryggt er að ekki berist mengað afrennsli í sjó.
- 4. Samráð-Framkvæmd.** Koma fram upplýsingar um það samráð sem framkvæmdaraðili hefur haft við Vegagerðina varðandi fyrirkomuleg framkvæmda m.t.t. vegamannvirkja.

Reykjavík, 3. júní 2022

Egill Þórarinsson

Jakob Gunnarsson